

Olíudreifing ehf
Hólmaslóð 8 - 10
101 Reykjavík

Akureyri, 4.4.2024
UST202401-416/G.S.Á.
08.06.02

Efni: Þrýstiprófun á fjórum eldsneytislögnum Olíudreifingar ehf., ID 185, í olíubirgðastöðinni á Ísafirði.

Umhverfisstofnun bárust þann 21. mars sl. niðurstöður þrýstiprófunar á fjórum eldsneytislögnum í olíubirgðastöð rekstraraðila á Ísafirði. Lagnirnar eru allar úr svörtu stáli að öllu leyti og var vinnuþrýstingur kerfis 10 bör.

- 400.60.00:6" DN 60, 150mm x 7,1 mm
- 400.61.00:6" DN 60, 150mm x 7,1 mm
- 400.70.00:6" DN 60, 150mm x 7,1 mm
- 400.96.00:4" DN 60, 100mm x 6,0 mm

Prófunin fór fram þann 24. október 2024. Þrýstingi var lyft upp í prófunarþrýsting, rúm10 bör og prófað í 4 klst. Hitastig var um 1-4°C og prófað var með gasolíu. Þrýstingsbreytingar voru skráðar á 15 mín fresti.

Meðfylgjandi er samantektarblað um prófunina.

Lögnin stóðst prófunina og Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við áframhaldandi notkun á lögninni.

Þrýstiprófa skal niðurgrafnar olíulagnir og löndunarlagnir á að a.m.k. 5 ára fresti skv. reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi.

Virðingarfyllst

Guðbjörg Stella Árnadóttir
sérfræðingur

Freyr Ævarsson
sérfræðingur